

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð

Efni: Niðurfelling leikskólagjalda í dymbilviku

Dags: 20. mars 2023

Málsnúmer: 202303626/-

Sendandi: Gunnhildur María Sæmundsdóttir starfandi framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs

Tillaga:

Lagt er til við bæjarráð að leikskólastjórum verði heimilt að bjóða þeim foreldrum sem taka leyfi fyrir börn sín alla daga dymbilvikunnar að fella niður dagvistunargjöld þá daga.

Greinargerð:

Í gegnum tíðina hefur þörf foreldra fyrir leikskólavistun í dymbilviku verið aðeins minni en á öðrum tímum ársins. Verði leikskólagjöld felld niður þá daga, gæti það orðið hvati fyrir að foreldra að taka frí fyrir börnin sín. Leikskólastjórum gefst þá tækifæri til að skipuleggja orlofsdaga fyrir starfsfólk en orlofsréttur hvers og eins eru 30 dagar. Þeir dagar falla ekki allir á sumartímann og því er mikilvægt að búa þannig um hnútana að starfsemi leikskólans greiði fyrir orlofi á öðrum tímum ársins. Nokkur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa farið þessa leið.

Rétt er að ítreka að hér er ekki verið að leggja það til að leikskólinn verði almennt lokaður á þessum tíma, heldur einungis verið að gefa þeim foreldrum sem það kjósa möguleika á að vistunargjald þeirra verði fellt niður ef barn þeirra er í fríi alla daga dymbilvikunnar.

Áætlaður kostnaður er kr. 1.619.573 miðað við að 50% foreldra nýti þennan möguleika. Á móti kemur til sparnaður sem felst í afleysingu vegna orlofs starfsmanna.

*Virðingarfyllst,
Gunnhildur María Sæmundsdóttir,
starfandi framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs*